

Alþingi
Erindi nr. P 125/1016
komudagur 13.3.2000



	Tilvísun okkar	Tilvísun ykkar	Dagsetning
Nefndasvið Alþingis umhverfissvið Þórshamri v/Templarasund 150 Reykjavík	HH/bh 10.20	28.02.2000	10.03.2000

Með bréfi dags. 28.02.2000 sendi samgöngunefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 386.mál.

Vegagerðin átti þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri meðan frumvarpið var í vinnslu í umhverfissráðuneytinu. Almennt felur frumvarpið í sér verulegar umbætur einkum hvað snertir aðferðir við val á verkefnum sem fara í mat á umhverfisáhrifum. Enn eru kröfur um mat vegagerðarverkefna þó miklu strangari en í Evrópureglum.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og það er skoðun hennar að rétt sé að hraða afgreiðslu þess.

Virðingarfyllst,